

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

365. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 19.08.2016, kl.11:30.

Mættir:

Halldór Auðar Svansson, Karen Elísabet Halldórsdóttir, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Sturla Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir og Sigrún Edda Jónsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri. Bjarni Torfi Álfþórsson og Guðmundur Gísli Geirdal boðuðu forföll. Gestur fundarins undir lið 1 er Hrafnhildur Helgadóttir frá KPMG ytri endurskoðandi SORPU bs.

Tekið fyrir:

1. 6 mánaða árshlutauppgjör

Árshlutareikningur fyrir fyrstu sex mánuði ársins lagður fram og kynntur. Einnig kynnti framkvæmdastjóri samanburð við áætlun. Árshlutareikningurinn ræddur, staðfestur og undirritaður.

Hækkandi rekstrarkostnaður endurvinnslustöðva vegna magnaukningar og launahækkana vekur athygli og gefur tilefni til að farið sé yfir þjónustusamning SORPU við sveitarfélögin um rekstur stöðvanna.

2. Kæra BTA/Biotec vegna samkeppnisútboðs gas- og jarðgerðarstöðvar

Kynnt kæra BTA/Biotec til kærunefndar útboðsmála vegna vals á aðila sem útvegar tæknilausn fyrir gas- og jarðgerðarstöð.

3. Úrvinnslugjald vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs

Lagt fram og kynnt minnisblað frá Mörkinni lögmannsstofu um úrvinnslugjald vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs dagsett 15.8.2016. Málið rætt. Framkvæmdastjóra falið að kynna málið fyrir Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Úrvinnslusjóði, Umhverfisráðuneyti og umhverfisnefnd Alþingis.

4. Forsendur rekstraráætlunar 2017-2021

Almennar forsendur rekstraráætlunar ræddar. Forsendur verða ræddar nánar á eigendafundi eins og venja er.

5. Næsti fundur og fundartímar stjórnar

Næsti fundur stjórnar verður föstudaginn 16. september kl. 11.30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 13.

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir

Halldór Auðar Svansson
Karen Halldórsdóttir Sturla Þ.
Sigrún E. Jónsdóttir
Björn H. Halldórsson

Kolbrún G. Þorsteinsdóttir
Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur
Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri